

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. maí 2019 í máli nr. S-256/2019:

**Ákærvaldið**

*(Margrét Herdís Jónsdóttir saksóknarfulltrúi)*

**gegn**

**Marinó Birni Kristinssyni og**

*(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)*

**Sunnu Mist Óskarsdóttur**

*(Ólafur V. Thordersen lögmaður)*

Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl 2019, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. mars 2019 á hendur:

„Marinó Birni Kristinssyni, kt. [...]

[...] Reykjavík

og

Sunnu Mist Óskarsdóttur, kt. [...],

[...] Reykjavík,

fyrir eftirtalin brot framin í Reykjavík:

## I.

Gegn ákærða Marinó Birni fyrir:

1. Þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið 8 pakkningum af harðfisk, samtals að verðmæti kr. 12.408.

*Mál 007-2017-1318*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...] 2017, ekið bifreiðinni [...] án þess að hafa öðlast ökuréttindi og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahýdrókannabínól 12 ng/ml) suður [...], vestur um [...] og því næst suður [...] uns lögregla hafði afskipti af

honum skömmu síðar við [...].

*Mál 007-2017-22544*

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. Umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] 2017, ekið bifreiðinni [...] án þess að hafa öðlast ökuréttindi og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahydrókannabínól 5,7 ng/ml) austur [...] uns lögregla hafði afskipti af honum skömmu síðar og á sama tíma haft í vörslum sínum 0,94 grömm af marijúana sem ákærði framvísaði lögreglu.

*Mál 007-2017-51698*

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

4. Þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið [...], að verðmæti kr. 11.995.

*Mál 007-2017-57303*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið 11 pakkningum af harðfisk, samtals að verðmæti kr. 29.689.

*Mál 007-2017-73753*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Gegn ákærðu Sunnu Mist fyrir þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið [...], samtals að verðmæti kr. 16.990.

*Mál 007-2017-10822*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III.

Gegn ákærðu báðum fyrir:

1. Þjófnað með því að hafa, [...], í verslun [...], stolið [...], samtals að verðmæti kr. 48.890.

*Mál 007-2017-26602*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið þremur pakkningum af kjúklingi, samtals að verðmæti kr. 3.843.

*Mál 007-2017-58332*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið varningi, samtals að verðmæti kr. 1.673.

*Mál 007-2017-63116*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið varningi, samtals að verðmæti kr. 2.134.

*Mál 007-2017-68230*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Þjófnað með því að hafa, [...] 2017, í verslun [...], stolið þremur pakkningum af nautakjöti, samtals að verðmæti kr. 6.939.

*Mál 007-2017-58200*

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og að ákærði Marinó Björn verði dæmdur til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102.

gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006. Jafnframt er þess krafist að ákærði Marinó Björn sæti upptöku á 0,94 grömmum af marijúana, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

*Einkaréttarkröfur:*

1. Vegna ákæruliðar I.5 gerir A, kt. [...], þá kröfu f.h. B, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 29.698, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn [...] 2017, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflytningu.

2. Vegna ákæruliðar III.1 gerir C, kt. [...], þá kröfu að ákærða verði dæmd til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 48.890.

3. Vegna ákæruliðar III.2 gerir D, kt. [...], þá kröfu f.h. E, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærðu verði dæmd til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 3.843, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn [...] 2017, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflytningu.

4. Vegna ákæruliðar III.3 gerir D, kt. [...], þá kröfu f.h. E, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærðu verði dæmd til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 1.673, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn [...] 2017, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflytningu.

5. Vegna ákæruliðar III.4 gerir D, kt. [...], þá kröfu f.h. E, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærðu verði dæmd til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 2.134, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn [...] 2017, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málf lutningsþóknun.“

Verjendur ákærðu krefjast vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjendum ákærðu hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærðu hafa skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins að þau eru sek um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsiakvæða í ákæru.

Ákærði Marinó er fæddur [...]. Frá því að ákærði náði 18 ára aldri hefur hann hlotið fimm refsidóma fyrir ýmis brot. Fjórir þeirra voru skilorðsbundnir en í einu tilviki var honum ekki gerð sérstök refsing. Hafa þeir því ekki ítrekunaráhrif. Síðasti refsidómur er frá 2. mars 2018, en þá var hann dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi. Var skilorðsdómur frá 24. maí 2017 þá dæmdur upp með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga og honum dæmdur hegningarauki. Hið sama verður gert nú og ákærða gerð refsing í einu lagi, en brot ákærða voru öll framin fyrir uppkvaðningu dóms frá 2. mars 2018.

Hvað varðar umferðarlagabrot ákærða þá hefur hann ekki áður sætt refsingu fyrir slík brot.

Ákærða Sunna Mist hefur eftir að hún náði 18 ára aldri hlotið þrjá skilorðsbundna refsidóma, í öllum tilvikum fyrir auðgunarbrot. Síðasti refsidómur er frá 2. mars 2018, en þá var hún dæmd í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi. Var skilorðsdómur frá 24. maí 2017 þá dæmdur upp og henni dæmdur hegningarauki. Hið sama verður gert nú og ákærðu gerð refsing í einu lagi, en brot ákærðu voru öll framin fyrir uppkvaðningu dóms frá 2. mars 2018.

Við ákvörðun refsingar ákærðu ber auk 60. gr. almennra hegningarlaga að gæta 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá er til þess að líta að ákærðu hafa bæði játað brot sín greiðlega. Einnig er til þess að líta að samanlagt verðmæti þýfis

var óverulegt og þau hafa samþykkt bótakröfu í málinu. Ákærðu eru ung að árum og langt er liðið frá því að þau frömdu brotin. Brotin eru öll neyslutengd og lögðu þau fram gögn sem staðfesta að þau hafi farið í meðferð á [...]. Hafa þau að eigin sögn fylgt meðferðinni eftir með því að sækja fundi auk þess sem þau fái stuðning frá ráðgjafa. Lýstu þau yfir vilja sínum til þess að snúa til betri vegar og hafa fengið húsnæði til afnota.

Eins og áður segir er langt liðið frá því að ákærðu frömdu brotin, en það var á tímabilinu [...] 2017. Um smávægileg brot er að ræða sem voru auðrannsökuð. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en 12. mars 2019. Verður ákærðu ekki kennt um þennan drátt, en þau voru samvinnuþýð og játuðu brot sín nær undantekningarlaust strax á rannsóknarstigi.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Marinós Björns hæfilega ákveðin tíu mánaða fangelsi. Með vísan til sömu ákvæða þykir refsing Sunnu Mistar hæfilega ákveðin átta mánaða fangelsi. Þá þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærðu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þegar litið er til ungs aldurs þeirra og aðstæðna er ákveðið að binda refsinguna jafnframt skilyrði samkvæmt 1. og 3. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Skulu ákærðu því ekki neyta áfengis eða deyfilyfja á skilorðstímanum og sæta umsjón Fangelsismálastofnunar sem annast eftirlit samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ákærði Marínó Björn sviptur ökurétti í 18 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Þá skal hann sæta upptöku á 0,94 g af marjúana sem lögregla lagði hald á.

Í málinu liggja fyrir einkaréttarkröfur en við þingfestingu málsins var aðeins sótt þing af hálfu C í tengslum við ákærulið III.1. Með vísan til 2. mgr. 174. gr. laga nr. 88/2008 eru aðrar einkaréttarkröfur málsins felldar niður. Ákærðu hafa samþykkt kröfuna sem styðst við gögn málsins. Þar sem þau stóðu saman að brotinu bera þau ábyrgð á henni sameiginlega. Ekki er krafist vaxta af bótafjárhæð.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 skal ákærði Marínó Björn greiða málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 274.040 krónur, og 163.985 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti. Tekið er tillit til vinnu verjandans á rannsóknarstigi. Ákærða Sunna Mist greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Ólafs V. Thordersen,

168.640 krónur. Við ákvörðun þóknunar verjanda hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts og höfð hliðsjón af tímaskýrslu þeirra.

Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Marinó Björn Kristinsson, sæti fangelsi í tíu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Framangreind frestun skal einnig bundin skilyrði 1. og 3. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og skal ákærði ekki neyta áfengis eða deyfilyfja á skilorðstímanum og sæta umsjón Fangelsismálastofnunar.

Ákærði er sviptur ökurétti í 18 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti upptöku á 0,94 g af maríjúana.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 274.040 krónur, og 163.985 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærða, Sunna Mist Óskarsdóttir, sæti fangelsi í átta mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Framangreind frestun skal einnig bundin skilyrði 1. og 3. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og skal ákærða ekki neyta áfengis eða deyfilyfja á skilorðstímanum og sæta umsjón Fangelsismálastofnunar.

Ákærða Sunna Mist greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Ólafs V. Thordersen, 168.640 krónur.

Ákærðu greiði sameiginlega C. 48.890 krónur.

Sigríður Hjaltested (sign.)